

Mánudaginn 28. nóvember 2022 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.15:15

Mætt voru: Einar Jón Geirsson, Jón Egill Jóhannsson, Skúli Guðbjörnsson, Ragnheiður Pálsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Einnig sat fundinn Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

1. Vegna samkomulags við Hrafshól

Hrafshóll fékk erindi frá Bakkahvammi hses. þann 08.11.2022 þar sem gefinn var frestur til 22.11.2022 til að skila inn uppfærðu yfirliti yfir hvaða athugasemdum Hrafshóll hefur brugðist við í samræmi við samkomulag sem undirritað var 23.12.2021. Þ.e. hvað stendur eftir og hvenær því verði lokið að hálfu Hrafshóls. Þessu erindi var ekki svarað.

Lagt til að leitað verði lögfræðiaðstoðar til að bregðast við stöðunni.

Samþykkt.

2. Staða framkvæmda Bakkahvamms hses.

Framkvæmdir ganga vel, húsin komin vestur í Búðardal.

Búið að sækja um tengingar sem til þarf og beðið eftir framgangi þeirra, stjórn hefur það í huga ef ýta þarf á eftir einhverjum tengingum til að framkvæmdir geti haldið áfram hnökralaust.

Lagt til að stjórn hittist á vinnudegi fljótlega eftir áramót til að ganga frá gögnum vegna stofnframlags á árinu 2023.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:25